

126. löggjafarþing 2000–2001.
Þskj. 361 — 309. mál.

Fyrirspurn

til landbúnaðarráðherra um fyrirhugað laxeldi hér á landi.

Frá Jóhanni Ársælssyni.

1. Hve margar umsóknir um laxeldi í kvíum liggja nú fyrir og hvenær og hvar hyggjast umsækjendur hefja þann rekstur?
2. Hve mikil framleiðsla er fyrirhuguð í heild hjá þessum stöðvum og hjá hverri þeirra um sig?

Skriflegt svar óskast.